

T I L L A G A

að starfsreglum um Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Endurskoðunarnefnd starfsreglna kirkjuþings,
Bryndísi Möllu Elíðóttur, Anný Ingimarsdóttur og Stefáni Magnússyni.
Frsm. Bryndís Malla Elíðóttir.

1. gr.

Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar veitir sóknum og öðrum starfseiningum kirkjunnar þá þjónustu sem biskup Íslands og kirkjuþing meta nauðsynlega til að tryggja árangursríkt starf kirkjunnar. Þar er jafnframt aðsetur yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar.

Þjónustumiðstöðin skiptist í tvö ábyrgðarsvið, biskupsstofu annars vegar, undir forystu biskups Íslands og rekstrarstofu hins vegar, undir forystu framkvæmdastjóra.

Þjónustumiðstöðin starfar á grundvelli þess skipulags og verkaskipta sem kirkjuþing mælir fyrir um.

2. gr.

Þjónustumiðstöðin fylgir eftir lögum á sviði kirkjumála, starfsreglum, ályktunum og samþykktum kirkjuþings, eftir því sem nánar er fyrir mælt í þeim heimildum.

Í starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar skal gæta góðra stjórnarháttanna. Þá skal einnig fylgja ákvæðum gildandi starfsreglna um þingsköp kirkjuþings um sérstakt hæfi.

3. gr.

Biskup Íslands og framkvæmdastjóri rekstrarstofu ábyrgðarsviða móta nánari stefnu, viðmið og verkferla, hvor fyrir sitt svið, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Laus störf á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar skulu auglýst á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá birtingardegi auglýsingar. Þó skal heimilt að meta hverju sinni hvort auglýst séu tímabundin störf,

allt að 12 mánuði í senn, í forföllum starfsfólks, til afmarkaðra verkefna eða meðan ekki hefur verið ráðið í starfið. Hið sama á við um ráðningu starfsfólks í vinnu gegn greiðslu tímagjalds. Flytja má starfsfólk til í starfi án þess að starfið sé auglýst laust til umsóknar, enda sé ekki um nýtt starf að ræða.

Biskup Íslands auglýsir laus störf og annast ráðningarmál starfsfólks hjá þjónustumiðstöðinni. Sé um starf á rekstrarsviði að ræða þá er ákvörðun um ráðninguna á höndum framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Gagnkvæmt samráð sé viðhaft við ráðningu starfsfólks eftir því sem við á.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar einstakling til að sinna og/eða umgangast börn og ungmenni undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

Barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálsræði manna, skv. 24. kafla, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum samkvæmt 217. gr.

Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hlotið refsídóm á fimm undangengnum árum.

Kallað er eftir vottorði sakaskrár um umsækjanda um starf hvað varðar framangreinda brotaflokka. Ef þurfa þykir er einnig heimilt að áskilja sakavottorð vegna annars konar brota. Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að ráða hann til starfa.

Um auglýsingu lausra starfa í vígðri þjónustu og ráðningu til þeirra starfa fer eftir starfsreglum þar að lútandi.

5. gr.

Biskup Íslands og framkvæmdanefnd kirkjuþings leggja árlega fram skýrslu á reglulegu kirkjuþingi að hausti þar sem gerð er grein fyrir störfum þjónustumiðstöðvarinnar. Miða skal við að jafnaði, að sú skýrsla taki til tímabilsins 1. október næstliðins árs til og með 30. september yfirstandandi árs.

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. apríl 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um biskupsstofu

Ákvæði til bráðabirgða.

Skýrsla biskups Íslands og framkvæmdanefndar kirkjuþings á reglulegu kirkjuþingi að hausti 2022, sbr. 3. gr. starfsreglna þessara, skal taka til tímabilsins frá 1. janúar til og með 30. september 2022.

Greinargerð.

Tillögur þessar að starfsreglum frá endurskoðunarnefnd starfsreglna kirkjuþings, (hér nefnd endurskoðunarnefnd) sem aukakirkjuþing 2021 kaus, eru einkum reistar á þingsályktun aukakirkjuþings 2021 um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar í 7. máli. Ályktunin er aðgengileg [hér](#). Í tillögum þessum er sett á laggirnar, með formlegum hætti, þjónustumiðstöð og skipulag til að biskupsþjónusta þjóðkirkjunnar og ábyrgð þingsins á fjárstjórn og annarri yfirstjórn kirkjunnar falli að markmiðum nýrra þjóðkirkjulaga og kirkjuþings.

Í ofangreindri ályktun felst að yfirstjórn Þjóðkirkjunnar er skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem starfa náið saman. Lagt er til að ábyrgðarsvið biskups Íslands, sem jafnframt er embættisskrifstofa biskups, beri áfram heitið „biskupsstofa“ en að hitt sviðið verði nefnt „rekstrarstofa“, í stað „rekstrarskrifstofa“ þar sem það er þjálfa og styttra. Það samræmist einnig betur heitinu „biskupsstofa“.

„Þjóðkirkjan“ er ritað með hástaf þegar rætt er um lögaðilann með kennitöluna 460169-6909 (áður Þjóðkirkjan-Biskupsstofa) en þegar rætt er um trúfélagið í heild sinni er heitið ritað með lágstaf.

Stefnt var að því að leggja fram á kirkjuþingi 2021-2022 tvö þingmál, annars vegar um biskupsstofu og hins vegar um rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar. Starfsreglur um biskupsstofu nr. 1230/2016, með síðari breytingum, hafa verið í gildi frá 1. janúar 2017. Síðarnefndu tillögurnar um rekstrarstofu eru nýmæli sem ekki hafa verið áður í regluverki þjóðkirkjunnar. Biskup Íslands vann tillögur að starfsreglum um biskupsstofu og forsætisnefnd kirkjuþings vann tillögur að starfsreglum um rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar í samráði við framkvæmdanefnd kirkjuþings og biskup Íslands. Endurskoðunarnefnd hefur farið yfir báðar framangreindar tillögur. Í samráði við biskup Íslands og forseta kirkjuþings hefur verið ákveðið að sameina tillögurnar í eitt þingmál og að endurskoðunarnefndin flytji málið.

Það er álit endurskoðunarnefndar að best fari á því að hafa reglurnar stuttar og skýrar, þ.e. rammareglur. Nánari útfærslur komi fram í verkferlum og viðmiðum um

einstaka starfsþætti. Ekki sé almennt þörf á að endurtaka það sem þegar hefur verið samþykkt áður á kirkjuþingi um stöðu og verkefni kirkjustjórnarinnar. Þar er helst að nefna þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar, 7. mál aukakirkjuþings 2021, starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 3/2021, þingsályktun um skipan framkvæmdanefndar kirkjuþings og erindisbréf nefndarinnar, sbr. 36. mál kirkjuþings 2021-2022 o.fl.

Lagt er til að heiti skrifstofu yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar verði „Þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar“ og er það m.a. byggt að nokkru leyti á framangreindum tillögum biskups Íslands að nýjum starfsreglum um biskupsstofu.

Helstu verkaskipti biskupsstofu og rekstrarstofu eru sem hér greinir:

Biskupsstofa.

Í 10. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir að biskup gæti einingar kirkjunnar og hafi tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.

Í fyrrnefndum tillögum biskups Íslands að starfsreglum um biskupsstofu segir síðan að biskup annist þau verkefni biskupsþjónustunnar sem eru á sviði helgihalds og kirkjutónlistar, fræðslumála og kærleiksþjónustu. Biskup ber ábyrgð á að vígð þjónusta standi öllum landsmönnum til boða og skipuleggur þjónustuna, eftir atvikum með biskupafundi, samkvæmt þeim fjárheimildum sem kirkjuþing ákvarðar hverju sinni. Biskupsstofa hefur faglega forystu á sviði ráðgjafar í fjölskyldu- og sálgæslumálum, guðfræði- og þjóðmála, upplýsingamála og samkirkjutengsla. Þá fer biskupsstofa með mál-efni Tónskóla þjóðkirkjunnar og Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar. Biskup skipar fulltrúa í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar.

Biskupsstofa ber ábyrgð á samskiptum og samstarfi við hinar ýmsu kirkjulegu aðila, stofnanir, fjölmiðla svo og erlend samskipti og upplýsingamiðlun og skjalavörslu.

Biskupsstofa ber ábyrgð á vörslu og reikningshaldi sjóða þar sem svo er mælt fyrir um í skipulagsskrám eða öðrum heimildum.

Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samráði við forseta kirkjuþings og í samvinnu við stjórn Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar.

Mannauðsmálum Þjóðkirkjunnar er sinnt á biskupsstofu, þ.m.t. fyrir rekstrarstofu, sbr. áður samþykkt skipulag og skipurit Þjóðkirkjunnar í 7. máli aukakirkjuþings 2021. Gert er ráð fyrir að biskupsstofa annist um allar auglýsingar lausra starfa hjá þjónustumiðstöðinni og ráðningar starfsmanna. Nefndin telur æskilegt að sem mest samráð verði viðhaft milli biskups og framkvæmdastjóra rekstrarstofu um ráðningar starfsmanna til þjónustumiðstöðvarinnar.

Víða er fjallað um verkefni biskups Íslands í gildandi starfsreglum kirkjuþings, samþykktum stefnumálum þingsins og ályktunum. Ekki er svigrúm til að telja það allt nákvæmlega upp hér.

Rekstrarstofa.

Rekstrarstofa sinnir þjónustu við biskup Íslands og kirkjuþing og fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð.

Með lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 var kirkjuþingi fengið æðsta vald í mál-efnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald. Rekstrarstofunni er ætlað að sinna þessari ábyrgð kirkjuþings á fjármálum og fasteignum og fylgja eftir starfsreglum um fjármál og fasteignir Þjóðkirkjunnar hverju sinni. Eins og fyrr segir eru í gildi ítarlegar starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar, nr. 3/2021. Þá eru í gildi starfsreglur um prestsetur og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum og gildir hér hið sama um þær og starfsreglur um fjármál. Enn fremur skal bent á að í gildi er fjárfestingarstefna Þjóðkirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi 2008 og fasteignastefna Þjóðkirkjunnar samþykkt á kirkjuþingi 2020-2021. Kirkjuþing 2021-2022 hefur samþykkt þingsályktun um stefnur þjóðkirkjunnar, þ.e. að þær haldi gildi sínu til 1. júlí 2022.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. markar þann grundvöll sem þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar er reist á, þ.e. að hlutverk hennar sé fyrst og fremst að veita sóknum og öðrum starfseiningum kirkjunnar þá þjónustu sem biskup Íslands annars vegar og kirkjuþing hins vegar meta nauðsynlega til að tryggja árangursríkt starf kirkjunnar.

Í 2. mgr. er áréttað það sem samþykkt var í þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Vísað er til umfjöllunar um heiti ábyrgðarsviðanna hér að framan.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að þjónustumiðstöðin starfi á grundvelli þess skipulags og verkaskipta sem kirkjuþing mælir fyrir um. Má í því sambandi vísa til áður nefndrar þingsályktunar um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að þjónustumiðstöðin fylgi eftir lögum á sviði kirkju- mála, starfsreglum, ályktunum og samþykktum kirkjuþings, eftir því sem nánar er fyrir mælt þar.

Í 2. mgr. er lagt til að fyrirmæli séu sett um að gæta góðra stjórnarháttanna í starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar. Þá er einnig lagt til að ákvæði starfsreglna um þingsköp kirkjuþings, nú [starfsreglur](#) nr. 10/2021, hvað varðar sérstakt hæfi gildi um starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar en þær eiga sér fyrirmynd í stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Ákvæði 2. mgr. um góða stjórnarhætti og 3. mgr. um sérstakt hæfi eiga að tryggja að ákvarðanir séu teknar á grundvelli málefnaþregra ástæðna. Einnig að sóknarbörn geti vænst þess að traust og trúverðugleiki ríki í stjórn kirkjunnar.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Lagt er til að sömu reglur um auglýsingar lausra starfa á rekstrarstofunni gildi og sem gilda samkvæmt 8. gr. núgildandi starfsreglna um biskupsstofu nr. 1230/2016, sbr. starfsreglur nr. 402/2021. Gert er ráð fyrir að víkja megi frá auglýsingaskyldu þegar um tímabundna ráðningu er að ræða til allt að 12 mánaða í senn, ráðningu vegna forfalla starfsfólks og til afmarkaðra verkefna eða meðan ekki hefur verið ráðið í starf. Hið sama geti átt við um ráðningu starfsfólks í vinnu gegn greiðslu tímagjalds. Flytja má starfsfólk til í starfi án þess að starfið sé auglýst laust til umsóknar.

Eins og áður segir er byggt á því að mannauðsmál Þjóðkirkjunnar séu á hendi biskups Íslands, þ.m.t. auglýsingar lausra starfa og ráðningar starfsmanna til þjónustumiðstöðvarinnar. Þó þykir rétt að endanleg ákvörðun um ráðningu starfsfólks á rekstrarstofu sé á hendi framkvæmdastjóra rekstrarstofunnar og uppsagnir sömuleiðis. Ákvæði um skimun umsækjenda og bann við ráðningu þeirra sem hafa brotið gegn tilteknum ákvæðum laga er óbreytt frá núverandi starfsreglum um biskupsstofu.

Rétt þykir, samhengis vegna, að taka fram að sérákvæði starfsreglna um ráðningu til vígðrar þjónustu haldist, t.d. um ráðningu í prestsstörf o.fl. og munu þau ákvæði ganga framfar þessum reglum.

Um 5. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til það nýmæli að biskup Íslands skili kirkjuþingi ársskýrslu. Biskup skilaði kirkjuþingi ársskýrslu um störf sín á árum áður en það lagðist af í kringum síðustu aldamót. Kirkjuráð hefur jafnan skilað kirkjuþingi skýrslu um störf sín fyrir starfsár sitt. Þykir rétt að leggja til að framkvæmdanefnd skili einnig skýrslu um störf sín og að þessar tvær skýrslur komi þannig að miklu leyti í stað skýrslu kirkjuráðs.

Um 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.